

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
21.01.20	17:00	HT stofa 101	9
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Jóna Þórey Pétursdóttir	Helga Lind Mar		21.01.20
Fundaraðilar mættir			

Félagsvísindasvið:

Róbert Ingi Ragnarsson (RIR) (R)
Ingveldur Anna Sigurðardóttir (IAS) (V)
Elín Ragnarsdóttir (ER) (R) fyrir Lilja Guðmundsdóttir (LG) (R)
Adda Malín Vilhjálmsdóttir (AMV) (V)
Tinna Líf Jørgensdóttir (TLJ) (R)
Bergþóra Ingbórsdóttir (BI) (V) fyrir Úlfur Traustason (ÚT) (V)
Viktor Örn Ásgeirsson (VÖÁ) (R)

Heilbrigðisvísindasvið:

Tinna Alicia Kemp (TAK) (V) fyrir Azra Crnac (AC) (V)
Eyrún Baldursdóttir (EB) (R)
Freydís Þóra Þorsteinsdóttir (FPP) (R)

Hugvísindasvið:

Eva Ragnarsdóttir Kamban (ERK) (R)
Derek Terell Allen (DTA) (V)
Ragnhildur Þrastardóttir (RP) (R)
Þórdís Dröfn Andrésdóttir (ÞDA) (R)
Þórhildur Elísabet Þórsdóttir (ÞEP) (R)

Menntavísindasvið:

Sigurður Vopni Vatnsdal (SVV) (R)
Hrannar Rafn Jónasson (HRJ) (R)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Aðalbjörg Egilsdóttir (AE) (R)
Ásmundur Jóhannsson (ÁJ) (R)
Tinna Tómasdóttir (TT) (V) fyrir Guðrún Karitas Blomsterberg (GKB) (V)
Jessý Rún Jónsdóttir (JRJ) (R)

Aðrir (án atkvæðisréttar):

Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs (JPP)
Marinó Örn Ólafsson, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs (MÖÓ)
Guðjón Björn Guðbjartsson, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs (GBG)

Benedikt Traustason, varaforseti Stúdentaráðs (BT)

Helga Lind Mar, framkvæmdastýra Stúdentaráðs (HLM)

Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, fulltrúi Vöku í Háskólaráði (RAMV)

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Ragna Kristín Guðbrandsdóttir (RKG) (V)

Vigdís Ólafsdóttir (VÓ) (R)

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir (AÓS) (R)

Björnfríður S Björnsdóttir (BSB) (V)

Kolbrún Lára Kjartansdóttir (KLK) (V)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Einar Halldórsson (EH) (V)

Fundardagskrá

Stúdentaráðsfundur þriðjudaginn 21. janúar stofu HT 105 kl. 17:00

1. [Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar \(atkvæðagreiðsla\) 17:00-17:05](#)
2. [Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15](#)
3. [Kosningakerfi Stúdentaráðs - kynning 17:15-17:35](#)
4. [Fulltrúar stúdenta í háskólaráði kynna sig og háskólaráð 17:35-18:00](#)
5. [Hlé 18:00-18:10](#)
6. [Landsþing - kynning og landsþingsfulltrúar SHÍ \(atkvæðagreiðsla\) 18:10-18:50](#)
7. [Canvas - nýtt námsumsjónarkerfi HÍ 18:50-19:15](#)
8. [Minnisblað vegna LÍN 19:15-19:30](#)
9. [Tillaga vegna aldursgreininga](#)
10. [Ályktun um heilsugæslu á háskólasvæðið \(atkvæðagreiðsla\) 19:30-19:45](#)
11. [Önnur mál 19:40-20:00](#)

1. [Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar \(atkvæðagreiðsla\) 17:00-17:05](#)

Stafsetningabreyting á fundargerð sem verður lagað.

Kosning: Einróma samþykkt

Dagsskrábreyting. Minnisblöð tekin fyrir undir lið átta.

Kosning: Einróma samþykkt

Klappbema: Freydís fekk að velja því hún var fyrst. Drumroll.

2. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15

a. 100 ára afmælispartý hjá SHÍ.

- i. Bjartar Sveiflur og GDRN. Tilboð á barnum. Þau sem taka að sér miðasölu fá frímiða. Miðasala verður í vikunni fyrir. 29. - 31. Stefnir allt í hellað partý. Síminn er að fara gefa okkur Bjartar Sveiflur. Kemur inn miðasöluskjal á morgun.

b. Vísó í SHÍ

- i. Gekk ótrúlega vel. Taka frá ennpá fleiri sæti frá í næsta vísó. Gáfum iPhone 11 sem er hluti af samningnum okkar við Símann.

c. Prennuvísó 28. febrúar.

- i. Komið að Þrennuvísói. 150 manns komast í ferðina. Jóna Þórey mun fara betur yfir þetta á nemendafélagsfundi 22. janúar.
- ii. Síminn þurfti að breyta úr 6. mars í 28. febrúar af óviðráðanlegum ástæðum.

d. Aldursgreiningaáskorunin

- i. Af henni er að fréttast að á síðasta háskólaráðsfundi (byrjun janúar) var það staðfest að aldursgreiningar verða teknar fyrir á febrúar fundi háskólaráðs (6. febrúar)
- ii. Samtal við No borders um málið í gangi sem verður rætt undir minnisblaðaliðnum

e. EUN viðburður

- i. Verður haldin 30. janúar nk. kl 12:30
- ii. Þar munu sérfræðingar koma að kynna vinnuna sem hefur farið í EUN proposal-ið sem Elísabet talaði um á síðasta SHÍ fundi. Við mælum eindregið með því að Stúdentaráðsliðar mæti og dragi með sér áhugasama stúdenta á háskólasamfélaginu og stúdentapólítík.
- iii. Event kemur á Facebook og HÍ mun auglýsa hann duglega - enda mjög ánægðir með frumkvæðið að því að kynna þetta fyrir stúdentum sem Elísabet og Kolfinna eru að sýna

f. Rektor sjálfkjörin

- i. Eitt framboð barst í embætti rektors og var það sitjandi rektor, Jón Atli Benediktsson, fyrirhugaðar rektorskosningar þurfa því ekki að fara fram enda er hann þá sjálfkjörinn og hefur verið tilnefndur í embættið af háskólaráði til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

g. Auglýst hefur verið eftir framboðum til embætta framkvæmdastjórnar LÍS

- i. Frekari lýsingu á hlutverki og skyldum þeirra má nálgast í lögum LÍS. Framboðsfrestur rennur út 21. febrúar næstkomandi. Framboð skulu berast til kjörstjórnar á netfangið kjorstjorn@studentar.is.


- ii. Framboðum skulu fylgja kynningarbréf og ferilskrá frambjóðenda. Sólarhring eftir að framboðsfrestur rennur út verða framboð birt. Hafi engin framboð borist þegar framboðsfresti lýkur er óskað eftir framboðum í upphafi landsþings, sbr. 48. gr. laga LÍS.
- h. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins komin og ég er búin að gera drög að umsögn þar sem margt kemur háskólasvæðinu og stúdentum við og hún kemur inná grúppuna í rafræna atkvægreiðslu á næstunni.
 - *Jessý kemur inn á fund*
 - *EB: Með EUN kemur ekki pottþétt fb event?*
 - *JPP: Jú það kemur inn event.*
 - *EB: Hvert er hlutfall á landsþingi?*
 - *JPPP Það verður eftir hlutfalli fylkinga í stúdentaráði sem endar í 6 frá Röskvu og 4 frá Vöku.*

3. Kosningakerfi Stúdentaráðs - kynning 17:15-17:35

- a. Hingað til hafa kosningar til Stúdentaráðs falið í sér að þeir fulltrúar sem kosnir eru inn á sínu sviði taka bæði sæti í Stúdentaráði og sviðsráði síns sviðs. Á þessu er gerð sú breyting að fulltrúum fækkar úr 27 í 17 og nú munu þeir fulltrúar sem ná kjöri aðeins vera skyldaðir til að sitja í Stúdentaráði.
- b. Til nánari útskýringar ber að tilgreina að sviðsráðin eru smærri einingar, hingað til 5 fulltrúar á hverju sviði en 7 á Félagsvísindasviði, þar sem kjörnir fulltrúar hittast reglulega og vinna að málefnum sem eru sértæk fyrir þeirra svið. Öll sviðsráðin hafa svo myndað Stúdentaráð Háskóla Íslands þar sem almennt er fjallað um stærri mál, sameiginleg fyrir hagsmuni stúdenta sama á hvaða sviði þeir eru. Kosningin í ár mun fela í sér að stúdentar á hverju sviði fyrir sig kjósa sína fulltrúa í Stúdentaráð og verða þeir 17 (3 á hverju sviði og 5 á Félagsvísindasviði) í stað 27. Þessir fulltrúar kjósa sér forseta hvers sviðsráðs innan síns sviðs, aðeins sá aðili mun vera skyldaður til að taka sæti í sviðsráði og mun sá aðili stýra störfum þess. Á kjörfundi Stúdentaráðs mun Stúdentaráð svo kjósa 4 fulltrúa, í hlutfalli við kosninganiðurstöður á því sviði, sem taka sæti í sviðsráði til viðbótar við forseta sviðsráðsins. Þannig verða 5 aðilar í öllum sviðsráðum skólans og þurfa þeir aðilar ekki endilega að eiga sæti í Stúdentaráði líka. Þetta fyrirkomulag er sama fyrirkomulag og tíðkast hefur fyrir nefndir ráðsins.
- c. Með þessum hætti geta þeir aðilar sem sitja í Stúdentaráði fremur sinnt nefndarstörfum ráðsins og sérhæfing í þeim málaflokkum verður eflað. Aðilar sem kosnir eru inn í sviðsráð geta þá sérhæft sig í málum síns sviðs og með þessu er vonast til þess að auka skilvirkni í hagsmunabaráttu stúdenta. Það skal þó tekið fram að þeir fulltrúar sem bjóða sig fram til Stúdentaráðs og ná kjöri geta að sjálfsgöðu einnig boðið sig fram til að sitja í sviðsráðinu á kjörfundi SHÍ eftir kosningar. Breytingin er einfaldlega sú að nú hafa Stúdentaráðsliðar val um hvort þeir sitji bæði í SHÍ og sviðsráði, eða eingöngu í SHÍ og hafa þá meiri

rými til að sinna t.d. nefndarstörfum fyrir SHÍ - sem samstaða hefur myndast um að sé nauðsynlegt að efla.

- *Umræður:*
- *IAS: Listar á hverju sviði? Getur hver sem er Kalli Bimbó á félagsvísindasviði boðið sig þá fram?*
 - *JPP: Það er ennþá þannig að fylkingarnar tilnefna í sviðsráðin í samræmi við hlutfall kosninganiðurstöðu þess sviðs.*
- *RP: Það verða jafn margir fulltrúar í öllum sviðsráðum?*
 - *JPP: Já.*



4. Fulltrúar stúdenta í háskólaráði kynna sig og háskólaráð 17:35-18:00

- BT og RAMV kynna sig.
- BT: háskólaráð hittist einu sinni í mánuði. Telur upp hvaða fulltrúar það eru sem eru skipuð í ráðið. HÍ21 mjög stór hluti af því sem er til umræðu.
- RAMV: Skipulagsverkefni líka mikið til umræðu. Þau hafa líka verið að takast á Gamla Garð - Var í rugli, hefur afruglast. Mikið búið að tala um

tanngreiningar. Búið að ákveða að byggja hús íslenskunnar. Tala um Grósku og mögulegan flutning Menntavísindasviðs, hús heilbrigðisvísindasviðs. Rætt um leiðandi hlut HÍ og viðurkenningu þegar kemur að þátttöku stúdenta.

- Oft verið að ræða hluti sem þarf bara að samþykkja.
- Eru þarna í umboði nemenda - Tala um nemendamál.
- *RP: Eruð þið að hafa raunveruleg áhrif? Er verið að hlusta á ykkur?*
 - *BT: Það er mjög mismunandi eftir því hvað er verið að ræða. Yfirleitt er meira hlustað þegar þetta eru minni málefni. Í stórum málum er kannski ekki létt að snúa við.*
 - *RAMV: Mikið að tala við fólk fyrir fundi og eftir fundi. Er svolítið þannig.*
 - *BT: Verið að vinna rannsókn í HA um hvort að það sé verið að hlusta raunverulega á fulltrúa nemenda í svona nefndum. Verður áhugavert að sjá hvað kemur út úr því.*
- *ÁJ: Eitt í þessu; Hvernig er tilfinningin innan háskólaráðs. Hvernig er umræðan um fjármál?*
 - *Alda: Skemmtileg: Sér fyrir sér að þetta sé svolítið eins og með sjúkrahúsið. Skólinn notar allt sem hann fær. En ráðuneytið kannski er að láta það líta þannig út að HÍ er ekki að fá alveg sama pening.*
- *AJ: Finnst stundum eins og umræðan sé þannig að fjármagnið sé nægilegt, en svo fer hann á sitt svið og þá er það bara þannig að það er ekki nægilegt fjármagn til að sinna kennslu.*
- *EB: ætlar að spyrja um tanngreiningar. Fyrir ári síðan greiddu Benedikt og Alda ólík atkvæði. Alda greiddi atkvæði með. Hver eru rök hennar fyrir því?*
 - *RAMV: Forsendur þess að samningurinn var eitthvað sem hún vildi; Skólinn er bara að þjóna ráðuneytinu - Hlustaði á rökin um að það væri betra að við gerum þetta en einhver annar. Leið almennilega með að kjósa með þessu því að þessi nefnd var sett til að fylgja þessu eftir að bætt yrði úr ferlinu. Það kemur síðan í ljós á næsta fundi ráðsins hvort nefndin hafi sinnt hlutverki sínu. Ef það kemur í ljós að það hafi ekki verið gert þá er búið að snúa hennar atkvæði.*
 - *BT: Afstaða mín hefur alltaf verið skýr. Þetta er rangt sama hvort háskólinn sé betur til þess fallinn að sinna þessu heldur en einhver*

- annar. Það væri hægt að nota þessi rök gagnvart öllu. Þróun kjarnorku, dauðarefsingu o.s.fvr.
- AE: Það var vilji stúdenta að hætta og til staðar var ályktun frá SHÍ. Afhverju fór hún gegn SHÍ og fór bara eftir sinni eigin sannfæringu?
 - RAMV: Það er bara svona sem þessir hlutir virka; ef að það var alltaf verið að fara gera þetta, þá er það kannski best að við gerum það. Valdi að taka það þannig að það væri sterkari sprengja næst. Að geta þá komið inn og sýnt fram á að háskólinn hafi brugðist því sem henni hafi verið lofað.
 - AE: Hefði ekki verið sterkara að standa bara með þeim sem voru búin að tala gegn þessu? Standa með fólki sem hefur opinberlega sagt að það muni ekki stíga aftur inn í HÍ af því að það var tanngreint hérna inni.
 - RAMV: Hennar þankagangur varðandi þetta: Okei ég skal treysta því að þið eruð að gera þetta vel - Og betra að gera þetta hér heldur en á stofu. Hún ákvað að gefa þeim séns á að sýna að þau væru þessu hlutverki vaxin. Hún trúir því að hún geti breytt skoðun fleiri í háskólaráði með því að hafa nálgast þetta svona.
 - JJ: Þú sagðir áðan Alda að aðrir háskólar hefðu verið að horfa til okkar; Fengið viðurkenningu? Hver er sú viðurkenning?
 - RAMV: veit ekkert hvar hún heyrði þetta.
 - JBP: Líklegast umræða um að aðrir skólar í Aurora samstarfinu hafa litið til HÍ varðandi stúdentaþátttöku í því umsoknarferli að EUN proposal-inu. Málþing handa stúdentum er t.d. sér dæmi um eitthvað sem stúdentar í HÍ eru að gera og aðrir skólar eru að líta til okkar um það
 - IAS: Ætla ekki að nagga í ykkur fyrir hvernig þið greiddir atkvæði, allir eiga að geta fylgt sínum skoðunum. En kannski bara að fá stutt recap af þessum málum sem þið hafið verið með inn á fundum?
 - BT: Bókun um skipulag á háskólasvæðinu, þátttöku nemenda, leggur til að það séu tveir nemendur
 - RAMV: Markmið hjá henni að tala um upptöku fyrirlestra: Var bara skotin niður. Flott kona sem er á móti upptökum þannig að það mun ekkert komast í gegn á næstunni,

- *RP: Þú ert að tala um þessa nefnd sem er að fylgjast með gangi mála vegna aldursgreininga og hvort samningurinn sé uppfylltur Alda; Ef að nefndin er að vinna vinnuna sína, ætlaru þá að halda atkvæðinu þínu eins og greiða atkvæði með.*
 - *RAMV: Nei líklegast ekki. En ég er sannfærð um það að þetta sé betra og taktískara svona.*
- *EB: Forvitin um þessa leið; afhverju kaustu ekki þá bara á móti? Við höfum aldrei fengið að heyra þessa nálgun á þessu fyrr en nú. Ert búin að svara því kannski aftur og aftur. Hefði ekki verið sterkur leikur að bóka með atkvæðinu og skýra þetta þar?*
 - *RAMV: Mun koma í ljós hvort þetta virkaði eða ekki. Það kemur þá í ljós núna hvort að þessi nefnd virki.*
- *ÁJ: Hvaða húsnaðisumræður eru í gangi? Húsnaði heimbrigðisvísindasviðs?*
 - *BT: Samþykktu að leggja auka milljarð í hús íslenskunnar, allar byggingar sem eru á leiðinni samþykktar. Heilbr.vísindasvið þar inn í.*

5. Hlé 18:00-18:10

Lagt til að fresta fundarhléi: Einróma samþykkt.

6. Landsþing - kynning og landsþingsfulltrúar SHÍ (atkvæðagreiðsla) 18:10-18:50

- a. Sigrún Jónsdóttir, forseti LÍS kynnir sig og samtökin. Fer yfir landsþingið.
 - i. Hagsmunasamtök fyrir stúdenta á Íslandi og íslenska stúdenta erlendis.
 - *IAS: Þetta er nátturlega annartími fyrir marga hérna inni - Verður rúta?*
 - *SJ: já, verður rúta sem fer frá RVK og tekur alla skólana í leiðinni.*
 - *AE: Þrjú stöðugildi - Eru þetta þrjú 100%?*
 - *SJ: Væri næs en er ekki þannig því miður.*
 - *AE: Eitt sem hún er að spá síðan á síðasta þingi: Nú er verið að fara samþykkja sjálfbærni stefnu? Er það mögulega aðili í framkvæmdastjórn sem hægt væri að bæta við til að sjá um þessa stefnu?*
 - *SJ: Er búið að ræða þetta, spurning hvort það eigi að bæta við nefnd. Niðurstaðan er sú að sjálfbærni eigi að vera eitthvað*

sem allir eru að sinna og því myndi þetta falla undir öll embættin.

- SJ lýkur kynningu. umræða um tillögu að skipan fulltrúa SHÍ á landsþingið hefst
- *JPP kynnir hvernig það verður í framkvæmd, skiptingin á plássu. Síðast urðu forföll frá annarri fylkingunni sem olli því að færri voru þaðan en best hefði verið á kosið. Því lögð til forgangsregla um fylkingar til að leggja áherslu á aðkomu þeirra beggja.*
- *Umræða um tillögu:*

9. fundur - 21. janúar 2019
SHÍ

Flutningsaðili: Skrifstofa

T I L L A G A

„Þingfulltrúar Stúdentaráðs á Landsþingi LÍS”

Lagt er til að þingfulltrúum SHÍ á landsþingi LÍS verði skipt á eftirfarandi máta:

- Skrifstofa Stúdentaráðs - 3 fulltrúar.
- Stúdentaráðsliðar - 10 þingfulltrúar í hlutfalli við niðurstöðu kosninga

Aðalfulltrúar í Stúdentaráði munu hafa forgang í skráningu en varafulltrúar geta einnig sótt um. Þá mun reglan um að fjöldi stúdentaráðsliða séu í hlutfalli við niðurstöðu kosninga einnig vera forgangsregla, enda ef ekki næst skráning hjá annarri fylkingu uppí 10 fulltrúa mun SHÍ samt þurfa að manna þau sæti.

Rökstuðningur:

Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) verður haldið 5. - 8. mars. Þar koma aðildafélög LÍS saman og eiga öll sína þingfulltrúa, en þingfulltrúar hafa málfrelsis-, tillögu- og atkvæðarétt á þinginu. Þingfulltrúum er skipt eftir fjölda stúdenta í hverju aðildafélagi og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær 13 þingfulltrúa alls.

Á síðasta starfsári lenti tímasetning landsþings (28. mars - 31. mars) milli kosninga til Stúdentaráðs og skipta í Stúdentaráði. Því var bæði stöður núverandi og verðandi fulltrúa í SHÍ í boði en að þessu sinni er landsþingið þremur vikum fyrr og því fyrir kosningar í SHÍ.

Hugmyndin um að hafa forgangsreglu til staðar um að þingfulltrúar séu í hlutfalli við kosningu er einfaldlega til að tryggja aðkomu beggja fylkinga að landsþinginu. ~~Í fyrra var ekkert slíkt sett fram. og voru aðeins 3 fulltrúar sem mættu á landsþingið sjálf frá minnihlutafylkingu.~~

Verði tillagan samþykkt mun valið á þingfulltrúum fara þannig fram að skráningarskjal fer í loftið í kringum 30. janúar (u.þ.b. 2 vikum fyrir lok skráningarfrests á þingið sem er 21. feb) reglan *fyrstur kemur, fyrstur fær* verður við gildi.

- *AMV: Breytingatillaga - Fjarlægja setninguna: Í fyrra var ekkert slíkt sett fram. og voru aðeins 3 fulltrúar sem mættu á landsþingið sjálf frá minnihlutafylkingu.*
- *EB: Afhverju? Ég vil að þetta sé inni*
- *JPP; Leggur til breytingatillögu á breytingatillögu. Það verði einungis seinni helmingur þessarar setningar tekinn út: Í fyrra var ekkert slíkt sett fram. og voru aðeins 3 fulltrúar sem mættu á landsþingið sjálf frá minnihlutafylkingu.*

Fyrst verður kosið um breytingatillögu AMV þar sem hún gengur lengra.

- *Kosning*
- *samþykk: DTA, AMV, BI, TT, TAK, IAS*
- *Sitja hjá: JJ, ERK, ÞEP, VÖÁ, SVV, FPP, AE, ÞDA, HRJ, ÁJ, ER*
- *Móti: TLJ, RP, RIR, EB*

Tillagan er því samþykk.

Kosning um tillöguna í heild sinni.

Samþykk: einróma

7. Canvas - nýtt námsumsjónarkerfi HÍ 18:50-19:15

JPP leggur til að opna þennan lið fyrir almenntar umræður úr sal

- *Kosning*
- *Sitja hjá: AMV, BI*
- *Samþykk: rest*

Tillaga því samþykkt.

- *Nýtt kennslukerfi í HÍ er komið í prufukeyrslu í hinum ýmsu áföngum. HÍ stefnir á að innleiða kerfið fyrir allan skólann á haustönn 2020.*

- Aðalfulltrúar í SHÍ og meðlimir kennslumálanefndar SHÍ hafa fengið boð í áfangann “Stúdentaráð” á hi-nem netföngin sín þann 6. janúar og fengu fyrirmæli um að fara á <http://haskoliislands.instructure.com> og samþykkja boðið í námskeiðið.

EB: Þetta dagatal sem er inn í forritinu, er þetta outlook dagatalið?

Jóna: Nei ekki sama dagatal en dagatalið á að geta talað við önnur forrit en ekki viss hvaða forrit.

RIRt: Minnir að þetta eigi að geta tengst líka við önnur dagatöl, getur ráðið í rauninni við hvað þú tengir.

JPP fer yfir fúnktjón og í sínum er hægt að fá push notification þegar þið fáðið einkunnir, fer einnig yfir app-ið

RP: Á ennþá að nota uglu?

JPP: Já. Hefur þó verið rætt að mesta hættan sé að fólk hætti að sjá tilkynningar á uglu.

Ugla verði samt áður ákveðinn miðpunktur. Nemendur fara þar inn og svo leiðir hvert námskeið þig áfram inn á Canvas.

AMV: Hefur heyrt komment um að þetta sé 200% betra en moodle

GBG: Prófuðu að logga sig inn á kennaraaðgang og þetta er svo miklu notendavænna heldur en moodle.

AYVE: Uppáhaldsfítusinn hennar er sá að það er hægt að létta álagi á kennurum við yfirferð á ritgerðum með því að koma fleirum að í yfirferðinni. Þ.e.a.s. nemendur koma að yfirferð.

8. Minnisblað vegna LÍN 19:15-19:30

Minnisblað til Stúdentaráðsliða vegna LÍN - vinnu í stjórn og úthlutunarreglna

21. janúar 2020

Á síðasta ári setti Stúdentaráð og LÍS fram kröfur um þær úthlutunarreglur sem gilda á þessu skólaári. Þær kröfur má nálgast [hér](#). Ein stærsta krafan var um hækkun frítekjumarks og var

Það hækkað úr 930.000kr í 1.330.000kr á síðasta ári. Aðrar kröfur, til dæmis um endurskoðun framfærslu og þá sér í lagi húsnæðisgrunns, ferðalán til nemenda erlendis og lágmarksframvindukröfur náðu ekki fram að ganga. Hækkun frítekjumarksins var mikill sigur en við hverja endurskoðun úthlutunarreglna reyna fulltrúar stúdenta í stjórn LÍN sitt besta við að gera betur við námsmenn sem taka lán hjá LÍN.

Til útskýringar þá er ferlið í grófum dráttum svona: úthlutunarreglur eru samþykktar árlega af stjórn og skulu staðfestar af ráðherra fyrir 1. apríl. Þær gilda í eitt skólaár. Í úthlutunarreglunum koma fram sum stærstu atriðin sem stúdentar berjast fyrir, eins og frítekjumark, upphæð námslána, hámark skólagjaldalána, framfærsla erlendis og lengi mætti áfram telja. Það er því mikið í húfi við hverja endurskoðun, en stjórn LÍN fer fljótlega í umræður um úthlutunarreglur fyrir næsta ár.

Ávallt fer töluvert þúður í að tryggja að þær umbætur sem tryggðar hafa verið á undanförunum árum séu festar í sessi, t.d. að frítekjumark hækki til samræmis við breyttar forsendur og að framfærsla haldi nokkurn veginn verðgildi sínu. Við breytingar á frítekjumarki í fyrra, sem voru mjög kostnaðarsamar, var ákveðið að framfærsla námsmanna skyldi vera óbreytt, sem þýðir að hún hefur ekki haldið í við verðlag á sama tíma.

Af þeim kröfum sem settar voru fram í fyrra og hafa ekki náð fram að ganga er einna stærst sú krafa að endurskoða framfærslu námsmanna til hækkunar svo hún dugi þeim í raun og veru fyrir framfærslu. Húsnæðisgrunnur framfærslunnar, sem er ein þeirra stoða sem framfærslan byggir á, miðast við búsetu á Stúdentagörðum og þaðan kemur krafan um endurskoðun hans.

Ferðalán til nemenda erlendis er önnur úppfyllt krafa. Nú geta námsmenn fengið aukalán til að ferðast frá námslandi og heim einu sinni á námstímanum, en vilji LÍS í fyrra var að slíkt aukalán yrði í boði einu sinni á hverju skólaári, enda fara margir námsmenn heim yfir sumarið til að vinna eða til að verja tíma með fjölskyldu og vinum yfir hátíðar auk annarra ástæðna.

Krafan um lágmarksnámsframvindukröfur hefur verið hluti af kröfum námsmanna við endurskoðun úthlutunarreglna frá því að þær voru hækkaðar úr 18 einingum á önn í 22 einingar á önn. Þetta þýðir að til þess að geta fengið námslán þarf námsmaður að hafa lokið 22 einingum á hverri önn, sem þykir ansi hátt hlutfall af fullu námi. Hefur það verið vilji fulltrúa stúdenta í stjórn LÍN að krafan verði lækkuð aftur í 18 einingar til nokkurs tíma.

- *Marínó Örn Ólafsson*
Lánasjóðsfulltrúi SHÍ

MÖÖ: Þetta minnisblað er líka bara til að upplýsa að þessi vinna er að fara af stað þannig að ef að það er eitthvað sem þið viljið koma á framfæri eða leggja áherslu á þá er geggjað að fá að vita af því núna þannig að við getum unnið í því.

- *ÁJ: Hvernig er umræðan við hina fulltrúa í stjórn?*
 - *MÖÓ: Já við höfum hist og rætt þetta.*
 - *IAS: Er þetta birt?*
 - *MÖ: Nei bara í fundargögnum*
 - *AE: Hvað eru stúdentar stór fartur af stjórn LÍN?*
 - *MÖÓ: 5*
 - *EA: SÍNE : Jóhann Gunnar og fyrir BÍSN þá er það Erna úr HR.*
 - *RP: Hérna að þæla, hún veit að lögin eru annað en úthlutunarreglurnar. Erum við vongóð um að breytingar hafi áhrif? Þegar að æðstuprestum verði skipt út.*
 - *MÖ: heldur ekki.*
 - *EB: veistu gróft plan; varðandi frumvarpið?*
 - *MÖ: Erum bara að bíða, radio silence.*
 - *AE: ég veit að þú ert ekki í hópi um úthlutunarreglurnar; er búið að ræða mögulegar úthlutunarreglur innan stjórnar LÍN? Heldurðu að við fáum það sem við ættum að fá.*
 - *MÖ segir að þrátt fyrir að hann sé ekki í nefndinni þá fari þetta alltaf fyrir stjórn þannig að hann getur alltaf haft áhrif á þetta þar,*
 - *EB: Tímaramma: Við eigum eftir að sjá þetta mál fá sína málsmeðferð á þingi. Það verður stutt á milli MSN og umræðu um úthlutunarreglur og verður knappt. Erftt að fara í herferð*
 - *JPP: ekki gott að sameina bara þessi mál. Herferðin sem farið hefur verið í beinist gegn lögnum og nýja frumvarpinu. Ef herfer færir af stað um lánasjóðsmál sem beinist að úthlutunarreglum núna yrði árangurinn takmarkaður - lobbyismi vegna úthlutunarreglnanna þarf að vera aðalmálið þar á meðan herferðarvinkillinn beinist áfram að frumvarpinu þar sem meðferð á því er ekki lokið.*

Minnisblað vegna aldursgreininga

Erindi vegna aldursgreininga til Stúdentaráðsliða

20. janúar 2020

Í dag 20. janúar 2020 leitaði Elínborg Harpa, ein af skipuleggjendum No Borders Ísland, til mín á skrifstofu Stúdentaráðs. Umræðuefnið var aldursgreiningar sem hafa átt sér stað í HÍ og sú staðreynd að háskólaráð tekur málið fyrir 6. febrúar nk.

Háskólaráð hefur ekki svarað áskorun Stúdentaráðs sem barst þeim 30. nóvember sl. og ekki veitt Elínborgu viðbrögð við sínum erindum og ítrekunum til háskólaráðs. Elínborg hefur sent erindi fyrir hönd a.m.k. tveggja aðila sem hafa gegið í gegnum tanngreiningarferlið við HÍ og óskað eftir því að þessir aðilar geti fengið að tjá sig við háskólaráð. Þar sem ekki hafa fengist viðbrögð eða svör við okkar erindum og afstöðu þegar leitast hefur verið til fulltrúa í háskólaráði kom upp sú hugmynd að fylgja afstöðunni eftir með opinberum hætti.

Við höfðum báðar hugað að því að mótmæla eftir fund háskólaráðs ef niðurstaðan yrði neikvæð en vandinn við það er að þá gildir ákvörðunin engu að síður í heilt ár eða lengur fram í tímann. Því er sterkara að vekja athygli á málinu, sýna samstöðu og afstöðu opinberlega fyrir fund enda hefur afstaða SHÍ verið undir í málinu í 1 og hálf ár núna en ekki tekið mark á henni. Því er hér með sent út þetta minnisblað til að kanna skoðun SHÍ liða á að SHÍ standi að mótmælum á HT í eina klst einhverntíma í vikunni 27-31. janúar þ.e.a.s. vikunni áður en háskólaráð þarf að taka málið fyrir á ný. Nánari útfærsla yrði í höndum skrifstofu SHÍ og No Borders en rætt hefur verið um að við myndum standa saman á HT, í einn klukkutíma, mögulega með skilti og mögulega með chant. Þeir aðilar sem gengist hafa í gegnum aldursgreiningarnar eru samþykkir því að No Borders og SHÍ myndu bæði standa að viðburðinum.

SHÍ hefur hingað til verið einróma í sinni afstöðu og skiptir það miklu máli. Ég hef heyrt í báðum oddvitum um málið og varð þessi útfærsla fyrir valinu: að senda minnispunkta á alla SHÍ liða um hugmynd að mótmælum, ef einhver er mótfallin því að við komum að þessu óska ég og oddvitar fylkinganna að það sé látið vita af því fyrir fund til mín eða Özru eða Eyrúnu.

Eins og fram kemur hér var þetta bara að koma inná borð til mín núna í dag en ég vona að öll geti kynnt sér þessa hugmynd. Ég stefni á smávægilega dagskrárbreytingu á morgun til að koma þessu að.

Jóna Þórey
Forseti SHÍ

Tillaga barst frá EB undir fundarlið:

Lagt er til að Stúdentaráð, bjóði No Borders, að taka þátt í að taka á mótí háskólaráðsmeðlimum þegar þau ganga inn í aðalbyggingu til fundar og afhenda áskorun SHÍ, dags. 30. nóvember 2019.

Eyrún

- AE: Er þetta ekki spurning um að gera kannski bara það sem No Borders finnst best?
- RP: Viljum við vera með valkvæð mótmæli?
- RAMV: Mjög sniðugt að vera með þetta á ganginum. Það virkaði mjög vel síðast þegar setumótmælin fóru fram vegna Gamla Garðs. Okkur í háskólaráði fannst það hafa áhrif. Við erum að horfa fram á að það gæti breytt skoðunum einhverra sem eru þarna inni. Það er mín tilfinning.
- EB: Væri gaman að vera við inngangin eða á ganginum: Afhenda áskorunina þar.
- Róbert; finnst þetta mjög sterkt. Mótmæli á HT út á við og svo taka á mótí þeim og ýta í þau sem taka ákvörðun.
- BT: Lýst vel á báðar þessar tillögur, í vikunni fyrir háskólaráðsfund þá hittast fulltrúar akademíunnar og gott að vera búin að mótmæla áður en þau hittast.
- JPP: Fagnar þessum umræðum. Vill endilega að fólk sem hefur skoðanir eða ekki hug á því að kjósa með, að koma inn í umræðuna. viðra þælingar sínar.
- IAS: Biður um smá recap á því sem er búið að ræða. Fara aftur yfir planið.
 - JPP: mótmæli væru á HT nokkrum dögum fyrir fund í samráði við No Borders eins og erindisbréfið lagði til að yrði rætt, viðvera stúdentaráðsliða myndi svo eiga sér stað fyrir háskólaráðsfundinn sjálfan 6. febrúar á rektorsgangi þar sem áskorunin yrði afhent - svipuð þæling og þegar GG mótmælin fóru fram en þó ekki setumótmæli í kjölfarið, bara viðvera á ganginum sjálfum og áskorun afhent.
- AE: Hefur fólk verið að endurskila inn undirskriftarlistum?
 - JPP: Nýdóttorar og doktorsnemar eru að fara funda með Rektor og eru að ýta á eftir þessu. Það er þrýstingur hér og þar.

Kosning um hvort greiða skuli atkvæði.

Sitja hjá: AMV, BI

Samþykkt: Öll rest

Samþykkt að greiða skuli atkvæði um tillöguna í heild sinni.

Kosning um tillöguna.

Sitja hjá: IAS, BI

Móti: AMV

Samþykkt: Öll rest

Tillaga því samþykkt.

Bókun JPP: Ég harma það að stúdentar hafi sett hjá og greitt atkvæði á móti vegna útfærslu á mótmælum og gjörningum í máli sem við höfum verið einróma um alla leið hingað til. Aðallega því umræðurnar um liðinn endurspegluðu ekki að atkvæði myndu fara á þessa leið. Einróma afstaða hefur skipt máli og hefur gefið málinu enn meiri vigt. Þó við séum enn einróma í afstöðum okkar um málið sjálft hefði ég viljað sjá tekið til máls undir dagskrárliðnum svo við gætum komið til móts við fleiri sjónarmið."

HLM: Ég verð bara að segja að mér finnst ótrúlegt að sjá einstaklinga kjósa gegn því að mótmæla með einhverjum hætti á meðan háskólaráðsfundur er að eiga sér stað. Við erum öll hérna inni sammála um að það eigi að leggja niður tanngreiningar og hér erum við með fulltrúa í háskólaráði sem segir beint út að það hafi haft áhrif þegar við mótmæltum síðast.

Bókun EB: Undirrituð vill láta í ljós vonbrigði með afstöðu fulltrúa Vöku varðandi fyrirhuguð mótmæli vegna tanngreininga. Þrátt fyrir samráð milli forseta SHÍ og oddvita beggja fylkinga þá hafa fulltrúar Vöku var þetta niðurstaðan. Mikilvægt er í jafn stórum málum sem þessu að rödd stúdenta sé sameinuð og sterk.

9. Ályktun um heilsugæslu á háskólasvæðið (atkvæðagreiðsla) 19:30-19:45

T I L L A G A

um að Stúdentaráð samþykki neðangreinda ályktun, birti hana og sendi á viðeigandi aðila, (t.d. skipulagsnefnd háskólaráðs sem fer með endurskipulagningu og framtíðarásýnd háskólasvæðisins, sem og skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar, borgarstjóra, stjórn heilbrigðisvísindasviðs, heilbrigðisráðuneyti o.fl.).

21. janúar 2020

*Flutningsaðilar: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ
Eyrún Baldursdóttir, oddviti Röskvu í SHÍ*

Á L Y K T U N

um þörf á sérstakri heilbrigðismóttöku fyrir háskólanemendur

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur þörf á sérstakri heilbrigðismóttöku eða heilsugæslu fyrir háskólanemendur.

Heilbrigði stúdenta hefur verið Stúdentaráði hugleikið undanfarin ár. Frá 2018 hefur Stúdentaráð Háskóla Íslands vakið athygli á bágrri stöðu stúdenta þegar kemur að geðheilbrigðismálum. Í kjölfarið hefur skólinn tekið vel við sér á mörgum vígvöllum, þó með fastri eftirfylgni Stúdentaráðs, en nú í janúar 2020 tók þriðji sálfræðingurinn til starfa við skólann sem ráðinu hafði verið lofað frá hausti 2018. Hefur sálfræðingum við skólann því fjölgað úr einum í þrjá á tveggja ára tímabili. Auk þess hafa öðrum úrræðum í HÍ handa stúdentum fjölgað þegar kemur að andlegri heilsu.

Betur má þó ef duga skal. Stúdentaráð telur nauðsynlegt að búa vel um stúdenta í háskólasamfélaginu og efla það samfélag með öllum tiltækum leiðum. Þörf á þjónustu á háskólasvæðinu er mikil enda fjöldi stúdenta sem fer um það daglega og búa margir þeirra á stúdentagörðum á svæðinu. Í nokkurn tíma hefur endurskipulagning háskólasvæðisins og framtíð þess verið í deiglu innan stjórnarsýslu skólans. Í ljósi þess telur Stúdentaráð mikilvægt að ítreka þörf á þjónustu handa stúdentum á háskólasvæðinu, en sú þjónusta sem er hve mest aðkallandi er heilbrigðisþjónusta.

Í [rannsókn](#) frá árinu 2011 sem unnin var við Háskóla Íslands var þörf háskólanema fyrir sérstaka heilbrigðismóttöku könnuð.¹ Niðurstöður hennar gefa til kynna að þátttakendur rannsóknarinnar, stúdentar, hafi mikla þörf fyrir sérstaka heilbrigðismóttöku. Nánar tiltekið þurfti meirihluti þátttakenda á heilbrigðisþjónustu að halda á árinu fyrir könnunina en rúmlega helmingur beið með að leita eftir heilbrigðisþjónustu og var meginástæða þess kostnaður. Niðurstöður könnunarinnar sýndu einnig yfirgnæfandi vilja þáttakenda til að leita á móttöku þar sem þjónustan væri veitt af nemendum Háskóla Íslands undir leiðsögn kennara. Auk þess sýndi könnunin að stór hópur stúdenta er án heimilislæknis, einkum erlendir stúdentar, og hafa þeir því ekki greiðan aðgang að heilbrigðisþjónustu á heilsugæslustöðvum.

Geðheilbrigðismál og aukið aðgengi að úrræðum fyrir ungt folk til að takast á við andlega heilsu er forgangsmál. Vert er að rifja upp [rannsókn](#) frá 2018 þar sem fram kom að 34,4% nemenda í HÍ, HR og HA mældust yfir klínískum mörkum þunglyndis og tæp 20% yfir klínískum mörkum kvíða. Stúdentaráð hefur síðan þá fengið frekari kynningu á öðrum rannsóknum sem eru nú til úrvinnslu á geðheilsu stúdenta í Háskóla Íslands og samkvæmt frumniðurstöðum þeirra rannsókna er marktækur munur á kvíða, streitu og þunglyndi háskólanema við HÍ, miðað við sama aldurshóp á landsvísi. Þörfin á heilbrigðisþjónustu handa háskólanemum til að takast á við þennan vanda er til staðar. Heilbrigðismóttaka myndi auka aðgengi stúdenta að úrræðum til að kljást við þennan vanda. Þá hefur þessi vandi verið tilgreindur sem ein skýring brottfalls úr háskólanámi² svo ef úrræði verða fleiri, betri og aðgengilegri má vona að það breytist.

Rannsóknir hafa sýnt að ungmenni séu ólíklegust af aldurshópum til að leita á heilsugæsluna.³ En munu úrræði á háskólasvæðinu breyta því og skila árangri? Stúdentaráð telur fordæmi fyrir því. Aukin sálfræðiþjónusta í Háskóla Íslands frá árinu 2018 hefur svo sannarlega skilað árangri og má taka dæmi um að skor þátttakenda í HAM hópmeðferðum, sem boðið er uppá innan skólans, lækkuðu að meðaltali um 4,5 stig á þunglyndiskvarða og 4,4 stig vegna kvíða frá upphafi meðferðar. Aðsókn í Hugleiðsluhóp HÍ, ókeypis hugleiðslu á vegum stúdenta, hefur margfaldast á undanförunum árum og áfram mætti telja. Ljóst er að stúdentar sækja í aðgengileg úrræði í háskólasamfélaginu og skila þau sér.

Rannsóknir hafa einnig sýnt að mikilvæg leið fyrir heilsugæsluna til að nálgast ungmenni sé í gegnum skóla.⁴ Ísland hefur í raun þá sérstöðu að ekki er boðið uppá nemendaheilsugæslu

¹1. tbl. Tímariti hjúkrunarfræðinga, 91. árg 2015, sjá bls 54 og áfram, Sóley S. Bender o.fl.

²2. Blaðsíðu 55 í Tímariti hjúkrunarfræðinga, 1. tbl. 91. árg. 2015

³3. Samkvæmt rannsókn um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi frá árinu 1999 framkvæmd af Rúnari Vilhjálmssyni o.fl.

⁴4. Samkvæmt rannsókn um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi frá árinu 1999 framkvæmd af Rúnari Vilhjálmssyni o.fl.

á háskólastigi.⁵ Fyrrgreind rannsókn frá 2011 gefur skýra mynd af þörf á heilbrigðismóttöku fyrir stúdenta og með hvaða hætti hún gæti verið. Flestir vildu hafa þjónustu milli 16-19 og höfðu flestir áhuga á fjölþættri þjónustu.⁶

Stúdentaráð telur því ljóst að þörf er á sérstakri heilbrigðismóttöku fyrir háskólanema sem verði best fyrir komið á háskólasvæðinu.

EB: Var að læra heima og rakst á þessa rannsókn. Niðurstaða rannsóknarinnar segir bara svart á hvítu að það sé þörf á heilbrigðisþjónustu fyrir stúdenta. Þetta sé næsta skrefið í að bæta geðheilbrigðisþjónustu.

- *RP: Frábært framtak. Tæknilegt spurning, erum við að senda frá okkur þennan texta?*
 - *EB: Ekki tillögunna, heldur bara áskorunina.*
- *AE: Langar að fagna þessu: Hún hugsar að það sé meiri þörf fyrir þetta núna heldur en 2011 því að erlendum nemendum hefur fjölgað mjög mikið og eru þau einmitt þau sem eru í mestu hættu varðandi lélegt aðgengi að heilbrigðisþjónustu.*
- *IAS: Gott og blessað - Vill samt sjá meira plan - Það er meira en bara að segja það að reka heilsugæslu. Væri marga ára dæmi. Fór líka að hugsa að það væri aldrei raunhæft að hafa læknanema þarna.*
 - *JPP: Það sem gerðist í aðdraganda þessarar rannsóknar; Heilbrigðisvísindasvið og stjórn sviðsins hafði hug á að setja upp frekari verkleg úrræði fyrir nema í verknámi og var farið í að leita leiða til þess. Það var því vilji áður fyrir þessu í heilbrigðisvísindasviði. Þessi rannsókn er afrakstur vinnu innan háskólans sjálfs en án þrýstings og eftirfylgni hefur þetta mál dagað uppi. Getur vel verið að það sé ennþá vilji en þá þarf að pikka málið upp, fara með það á viðeigandi staði og þá gæti þetta farið inn í skipulagsnefnd. Það er engin að segja að það komi heilsugæsla á næsta ári - en þetta er hluti af því að byggja upp þjónustu og hafa sýn á háskólasvæðið.*

⁵ Samkvæmt rannsókn um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi frá árinu 1999 framkvæmd af Rúnari Vilhjálmssyni o.fl.

⁶ Blaðsíðu 58 í Tímariti hjúkrunarfræðinga, 1. tbl. 91. árg. 2015.

- *RAMV: Vill líka bara koma inn á það að heilsugæsla miðbæjar er hérna rétt hjá og það gæti komið sem mótsvar við þessu. En þetta væri vissulega mikil framför. Læknanemar eru ekki með atvinnuleyfi fyrr en eftir 5. ár.*
- *EB: Þetta væri alltaf undir handleiðslu læknis eins og er nú þegar þegar læknanemar vinna á heilsugæslum og spítölum.*
 - *JPP: Almennar reglur um handleiðslu og verknám - eins og er svo algengt og hluti af skyldunámi flestra á heilbrigðisvísindasviði - myndu auðvitað gilda hér líka.*
- *RP: Ég vil líka bara koma því fram að heilsugæslan í miðbænum er löngu sprungin og þau sem búa hérna á háskólasvæðinu eiga að sækja sína þjónustu út á nes.*

Kosning um tillöguna

Sitja hjá: DTA, IAS, BI

Móti: AMV

Samþykkt: Öll rest

Tillaga er því samþykkt.

10. Önnur mál 19:40-20:00

JPP leggur til að opna mælendaskrá fyrir aðra en SHÍ meðlimi

Einróma samþykkt.

Derek og Azra:

Derek kynnir tillöguna:

-- T I L L A G A --

um íslensku kennslu erlendra nema

Lagt er til að alþjóðafulltrúi SHÍ í samráði við skrifstofu alþjóðasamskipta taki fyrir íslensku kennslu erlendra nema. Óskað er eftir því að gert sé úttekt á gæðum kennslunnar og fjölgað

sé möguleikum á íslensku námi. Lagt er til að Stúdentaráð styðji við vinnu alþjóðafulltrúa SHÍ vegna málefna um kennslu og gæði hennar í íslensku kennslu erlendra nema. Enn fremur er stutt við að gerð sé úttekt á gæðum kennslunnar og fjölgað sé möguleikum á íslensku námi.
(breyt ÞDE)

Flutningsaðilar: Azra Crnac og Derek T. Allen

Rökstuðningur

Borist hafa ábendingar frá erlendum nemendum varðandi íslensku kennslu fyrir nema af erlendum uppruna í Háskóla Íslands og bendir það til þess að margt sé ábótavant. Ábendingarnar fela í sér gagnrýni á námsefni jafnframt uppsetningu námskeiða og stökkið á milli diplómunáms í íslensku og BA námsins. Til stuðnings við ábendingar nemendanna vísuð er í rannsókn sem framkvæmd var af EAOC-rannsóknahópnum við Menntavísindasvið HÍ, en ábyrgðarmaður hennar er Hanna Ragnarsdóttir og ber rannsóknin yfirskriftina „*Væntingar og tækifæri innflytjenda á Íslandi til háskólamenntunar og áskoranir henni tengdar*“. Rannsóknin byggir á mismunandi kenningum sem dæmi: mótunarhyggju, kenningar um fjölmenningslega menntun og annarsmálsfræði. Aðferðir rannsóknarinnar voru eigindleg einstaklingsviðtöl og rýnihópaviðtöl við nemendur af erlendum uppruna. Búið er við því að rannsóknin verði birt í mars á þessu ári. Meginniðurstöður rannsóknarinnar styðja við frásagnir erlendra nemenda. Þær benda til þess að nemendur séu síst ánægðir með þau námskeið þar sem beinar kennsluáðferðir eru notaðar, eins og málfræðikennsla. Nemendur vilja einkum taka virkan þátt í tímum heldur en að sitja og hlusta, það hefur sýnt sig að að nemendur læra mest í námskeiðum þar sem tjáskiptakennsluáðferðir eru notaðar. Sem dæmi má nefna að talþjálfun er ekki kennd í síðari hluta BA námsins í íslensku, en það myndi vissulega gagnast erlendum nemum. Þegar snúið er að námsmati í námskeiðum sem huga að málfræði er matið oftast lokað mat með lokaprófum sem hafa hátt vægi og í einhverjum tilfellum 100% vægi. Það getur hinsvegar komið sér illa fyrir nemendur sem koma utan EES því dvalarleyfi þeirra byggist á námsframvindu. Nemendur telja sig læra lítið á málfræðinámskeiðum og vilja þau helst að

kennsluaðferðum sé breytt svo nemendur geti fengið tækifæri til þess að æfa sig í tungumálinu og tekið virkari þátt í kennslustundum. Út frá þessum niðurstöðum og ábendingum nemanda hefur það sýnt sig að þörf sé á námi í hagnýtri íslensku. Slíkt nám myndi gagnast erlendum nemum sem eru í annarri fræðigrein þar sem íslenska er aðaltungumálið. Til að nefna dæmi af slíkum námskeiðum væri hægt að bjóða upp á akademíska íslensku, fræðilega ritun, akademískan orðaforða og hugtök. Í Noregi er boðið upp á 1.árs undirbúningsnám fyrir erlenda einstaklinga sem hyggja á nám í háskólum landsins, en með því að bjóða upp á undirbúnings námskeið væri Háskóli Íslands að tryggja öllum betri og jafnan aðgang að námi óháð uppruna. Það að geta talað og ritað tungumál landsins sem maður er búsettur í, eykur sjálfstæði einstaklinga til muna og ætti það því að vera baráttumál okkar.

Jóna: Les upp frá Kolfinnu: “Ég fagna tillögu um íslensku kennslu erlendra nema sem barst skrifstofu Stúdentaráðs fyrir í dag.

Tillaga þessi snýr að störfum mínum fyrir Stúdentaráð. Ég tel því rétt að upplýsa um að málið er nú þegar í farvegi síðan í nóvember s.l. Ég vil einnig benda á að einstakir þættir í tillögunni eru í verkahring annarra sem starfa við Háskóla Íslands en ekki undir valdsviði alþjóðafulltrúa Stúdentaráðs. Þó mun ég áfram tryggja vandaða gagnasöfnun um vandamálið og að samtöl við starfsfólk og nemendur eigi sér stað, en ég mun beina niðurstöðum áfram í viðeigandi farvegi.

Ég tel því tillöguna sem slíka lagða fram að góðum hug með dýrmæt sjónarmið að leiðarljosi en tel rétt að henni sé vísað frá í ljósi aðstæðna”

Kosning um frávísun: Leggur til að þessu sé vísað frá:

Samþykkt: 0

Sitja hjá: Rest

Móti: AMV, ÁJ, ÞDA, ÞEP

- *RP: Frábært að fá þessa kynningu. Er bara í boði að fara? líka eins árs diploma segir Derek.*
- *ÞEP: Fagna þessu: En er ekki hægt að breyta tillögunni, fagna því að þetta sé í ferli?*
- *ÞEP leggur til breytingatillögu: Lagt er til að Stúdentaráð styðji við vinnu alþjóðafulltrúa SHÍ vegna málefna um kennslu og gæði hennar í íslensku kennslu erlendra nema. Enn fremur er stutt við að gerð sé úttekt á gæðum kennslunnar og fjölgað sé möguleikum á íslensku námi.*
- *ÞDA: Hrósa fyrir frábæra tillögu. Geri grein fyrir að kosning gegn því að vísa frá var til að fá umræður upp.*
- *EB: Segja það sama og þórdís sagði.*
- *DTA: Ánægður með breytingartillögu.*

Kosning um tillöguna með breytingatillögu:

Samþykkt: Einróma

HLM: Beina því til beggja fylkinga að reyna að vinna saman. Við fáum oft alls konar hugmyndir og að er ótrúlega mikilvægt að við leggjum það á okkur að skoða hvort það sé vinna nú þegar til staðar á þessu máli. Það er ótrúlega léleg nýting á tíma okkar allra að vera ítrekað að taka upp mál sem eru nú þegar í vinnu. Reynum frekar að bjóða fram aðstoð við vinnuna.

JBP: Leggur til að tvö mál verði lögð til rafrænnar atkvæðagreiðslu þar sem við verðum að slíta fundi.

Sitja hjá: AMV

Samþykkt: Öll rest

Fundi slitið 20:02